



## Tillaga til ályktunar

– Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja –

### ***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki að stjórn og aðildarfélag KSÍ þrýsti á að frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda, lagt fram af Jóni Gunnarssyni, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, Ásmundi Friðrikssyni, Njáli Trausta Friðbertssyni, Óla Birni Kárasyni, Páli Magnússyni, Vilhjálmi Árnasyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Ólafi Ísleifssyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Willum Þór Þórssyni, nái fram að ganga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli félagasamtökum til almannaheilla hluta fjárhæðar sem sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna.

Það er álit stjórnar KSÍ að það sé knattspyrnuhreyfingunni mikið hagsmunamál að frumvarpið verði að veruleika.

**Stjórn KSÍ**